

Nd.

27. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

- a. 5. töluliður 3. gr. laganna fellur niður, og breytist röð töluliða samkvæmt því.
b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsgrein, svofelld:

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánnum tengslum við það frv.

Í frv. þessu felst sú efnisbreyting á skilyrðum þess að verða starfsmaður ríkisins, að horfið er frá kröfu um óflekkað mannorð. Í stað þess kemur það almenna ákvæði, að sá maður, sem hlotið hefur dóm fyrir refsiverðan verknað, telst ekki fullnægja starfsskilyrðum, ef verknaður þessi er með þeim hætti, að sökunautur teljist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja þann starfa, sem hann sækir um, sbr. 1. málsg. 6. gr. frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Um skýringar á þessu ákvæði má vísa til athugasemda við þá grein frv., en í greinargerð fyrir því frv. eru rakin í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um atvinnuréttindi ýmiss konar, sbr. þskj. 217, 1957.